



Til: "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>
Efni: Hreinsun og endurnýting svartvatns á Hólasandi - matsskylda - umsögn
Upplýsingar: Sent: 19.06.2018 18:34:01 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018060004, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018060004

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 30. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum hreinsun og endurnýting svartvatns á Hólasandi skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka lag nr. 106/2000.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerð EFLU, dags. 24. maí sl., um hreinsun og endurnýting svartvatns á Hólasandi. Eins og kemur fram í greinargerðinni og að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki að finna sérstakar náttúruminjar, vistkerfi, vistgerðir, búsvæði eða tegundir sem telja má mikilvægar eða sértakar fyrir náttúru Íslands, á því svæði sem fyrirhugað er að nýta undir geymslu á svartvatni eð endurnýtingu þess. Svæðið er hins vegar á vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár og hætta af fyrirhuguðum rekstri því fyrst og fremst sú að mengun geti borist með grunnvatni til Mývatns og Laxár eða Sandvatns. Náttúrufræðistofnun telur að koma megi í veg fyrir að mengun berist til fyrrgreindra staði ef rétt er staðið að vali á svæðum til losunar á svartvatni. Leggja þarf áherslu á að grunnvatnsstraumar liggja frá fyrrgreindum stöðum, fjarlægð frá þeim sé hæfilega mikil og svæði valin þannig hvað varðar jarðvegspéttleika og lekt að ólíklegt sé að mengun berist langar vegalengdir. Náttúrufræðistofnun tekur undir að fyrst verði valin svæði norðan kísilvegjar sem sýnt þykir að uppfylli framangreind skilyrði.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að stofnunin telur að ekki eigi að nota endurnýtingu á svartvatni til að efla dreifingu eða vöxt framandi ágengra tegunda á Hólasandi.

Náttúrufræðistofnun metur það svo að lög um verndun Mývatns og Laxár og vatnsverndarsvæði þess svo og mengunarvarnareglugerðir eigi að geta tryggt framangreint með viðeigandi skilyrðum í leyfisveitingum. Þetta á einnig við um skýr ákvæði um vöktun og stöðvun á endurnýtingu á svartvatni ef sýnt þykir fram á að mengun sé að berast til Mývatns, Laxár eða Sandvatns. Náttúrufræðistofnun telur því að allar forsendur, náttúrufarslegar og valdheimildir viðkomandi stjórnvalda, vera á þann veg að hreinsun og endurnýting svartvatns á Hólasandi þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum sé rétt að málum staðið.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

